



Húnavöllum, 30. október 2019.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

**Efni:** Athugasemdir og ábendingar Húnavatnshrepps við drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaráætlun 2020-2024, mál nr. 257/2019 í samráðsgátt stjórnvalda.

### Samgöngumál í Húnavatnshreppi.

- *Vegakerfi Húnavatnshrepps, utan þjóðvegur 1, er upp byggt af malarvegum. Smá kaflar eru þó með varanlegu slitlagi Þeir eru: Sjö (7) kílómetra kaflar í austanverðum Vatnsdal frá þjóðvegi 1 langleiðina að bænum Hvammi, sjö (7) kílómetra kaflar í Svínadal, á Reykjabrautinni frá þjóðvegi 1. að Húnavöllum, sjö (7) kílómetra kaflar á Svínvetningarbraut að bænum Köldukinn frá Blönduósi og fimm (5) kílómetra kaflar á Svínvetningarbraut frá þjóðvegi 1 í Langadal að Kjalvegi. Alls eru því 26 kílómetrar bundinn slitlagi af þeim vegum innan sveitarfélagsins sem ekki er þjóðvegur eitt (1).*
- *Rétt að geta þess að þeir vegir sem eru malarvegir innan sveitarfélagsins eru alls um 145 kílómetrar, svo má leggja við þá tölu Kjalveg að Fjórðungsöldu um 96 kílómetra. En þeir vegir sem eru malarvegir innan sveitarfélagsins eru eftirfarandi:*
  - *Vatnsdalsvegur* að vestanverðu og að hluta að austanverðu, tengivegur (722) um 40 kílómetrar.
  - *Þingeyrarvegur*, héraðsvegur (721) um 6 kílómetrar
  - *Svínvetningabraut*, tengivegur um 20 kílómetrar.
  - *Reykjabraut*, (frá Húnavöllum að Tindum), tengivegur (724) um 5 kílómetrar.
  - *Auðkúluvegur* vestanverðu við Svínavatn, tengivegur (726) um 16 kílómetrar.
  - *Svínadalsvegur* frá Auðkúluvegi hjá Grund að Hrafnabjörgum, héraðsvegur (727) um 9 kílómetrar.
  - *Blöndudalsvegur* frá Svínvetningabraut, vestan Blöndu að Eldjárnsstöðum, stofnvegur (35) og að hluta héraðsvegur um 12 kílómetrar.
  - *Blöndudalsvegur* austan Blöndu, frá Svínvetningabraut að Bollastöðum, héraðsvegur (733) um 10 kílómetrar.
  - *Svartárdalsvegur* frá hringvegi eitt (1) að Fossum, tengivegur (734) um 26 kílómetrar.
  - *Kjalvegur*, að Fjórðungsöldu, stofnvegur (35) um 96 km.

Ljóst er af þessari upptalningu að nánast allir vegir í Húnavatnshreppi, utan þjóðvegur eitt (1) eru malarvegir.

- Greiðar samgöngur sem byggja á góðu vegakerfi eru nauðsynlegar forsendur fyrir uppbyggingu atvinnulífs og viðunandi afkomu heimila og fyrirtækja. Flestir tengi- og héraðsvegir í Húnavatnssýslu uppfylla engan veginn þær kröfur og fer ástand þeirra versnandi ár frá ári vegna ónógs viðhalds. Óhætt er að fullyrða að oft á tíðum eru vegirnir hættulegir vegfarendum og ættu að merkjast sem slíkir.
- Vetrarþjónusta, það er að segja snjómokstur og hálkuvarnir, hafa verið í lágmarki á áður nefndum vegum. Margir íbúar þurfa að verða sér út um bjargir, sækja vinnu og nám um langan veg. Börnum er ekið daglega til og frá skóla í sveitarfélaginu.
- Umferð erlendra ferðamanna hefur vaxið ár frá ári og uppbygging á þjónustu við ferðamenn er nauðsynleg viðbót við atvinnulíf í héraðinu. Sú staðreynd eykur þá knýjandi þörf að fjármagni sé veitt til viðhalds og uppbyggingu vega.
- Mikilvægt er að bæta viðhald og endurbætur á Kjalvegi. Um Kjalveg aka tugþúsundir ferðamanna á hverju sumri. Varhugavert er að auka ferðamennsku á þessum stöðum ef stofnvegir að þeim eru mjög slæmir, hættulegir og nánast ófærir til aksturs, vönnum sem óvönnum bifreiðastjórum.
- Mikilvægt er að flugvöllurinn á Blönduósi, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til sjúkraflugs.

**Sveitarstjórn Húnavatnshrepps gerir þá kröfu til stjórnvalda að brugðist verði við og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds vega innan Húnavatnshrepps og á næstu árum verði stóraukin áhersla lögð á að leggja bundið slitlag á þá.**

**Ástand Kjalvegar er mjög slæmt og nauðsynlegt er að setja verulegt fjármagn í viðhald og uppbyggingu vegarins.**

**Sveitarstjórn leggur mikla áherslu á að lagt verði bundið slitlag á Þingeyrarveg (721), og hann settur inn í samgögnuáætlun, en um hann er mikil umferð að sumri til, enda afar fjölsóttur sögu- og ferðamannastaður á Þingeyrum og leggur þunga áherslu á að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið um uppbyggingu Svínvetningabrautar.**

Virðingarfyllt,

  
Einar Kristján Jónsson,  
sveitarstjóri.

